



# LANDSSAMBAND ELDRI BORGARA

Langholtvegur 111, 104 Reykjavík  
Kt.: 600989-4059; Fax: : +3545515835  
Sími: +3548980359; Netfang: leb@leb.is  
Heimasíða: www.leb.is

Til Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/2951  
komudagur 24.5.2008

Reykjavík 24. maí 2008.

## Erindi: Frumvarp um sjúkratryggingar, 613. mál, heildarlög.

Landssamband eldri borgara hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp. Frumvarpið barst LEB seint vegna nýs heimilisfangs samtakanna og stuttur tími hefur gefist til að fara yfir efni þess, ekki síst vegna ný afstaðins sambandsstjórnarfundar LEB dagana 12. og 13. maí.

LEB er ljóst að hér er um að ræða grundvallarbreytingar á skipulagi allrar stjórnsýslu heilbrigðisþjónustunnar. Í fljótu bragði virðist frumvarpið vel unnið og ljóst er að það tekur mið af nútímalegum starfsháttum, rík áhersla er lögð á gæðaeftirlit, árangursstjórnun og kostnaðargreiningu. Hins vegar er ekki unnt að gera efnislegar athugasemdir þar sem enginn tími hefur gefist til að kynna sér málið. Þetta á sérstaklega við þar sem frumvarpið kallar jafnframt á breytingar á fjölmörgum núgildandi lögum sem enginn kostur er á að kanna nánar og bera saman.

LEB tekur undir gagnrýni annarra umsagnaraðila um að ekki skuli gefinn meiri tími, bæði fyrir alþingismenn sjálfa sem og einnig þau mörgu félagasamtök og aðila í þjóðfélaginu sem að heilbrigðisþjónustunni koma til að kynna sér og ræða þessar grundvallar breytingar. Ætla má að margt í frumvarpinu sé til bóta. Hins vegar vakna strax spurningar varðandi ýmis atriði frumvarpsins. Nægir þar að nefna hvort nægt fjármagn verði tryggt nýrri stofnun. Sama á við um þá aðila sem fyrir eru og annast skylda þjónustu. Hefur verið tryggt að öll réttindi haldi sér við breytingar á fjölmörgum lögum sem tengjast heilbrigðisþjónustu? Hvernig mun þessi nýja stofnun skipa sér í raðir þeirra sem þegar gegna heilbrigðisþjónustu og hvort mun hún afnema eða hindra samskipti heilbrigðisráðuneytis við þá sem veita heilbrigðisþjónustu? Hvert verður hlutverk stofnunarinnar og tengsl við pólitíska stefnumótun í heilbrigðismálum?

Spurningarnar eru margar fleiri, enda er hér um að ræða viðamiklar breytingar á viðkvæmum málaflokki og því mikilvægt að vel sé að öllu staði í víðtækri sátt við aðila samfélagsins. LEB leggur því á það ríka áherslu að nægur tími gefist til að kynna málið og ræða það svo að sameiginleg niðurstaða náist. Það mundi treysta grunn nýrrar stofnunar til framtíðar.

Virðingarfyllst.

Helgi K. Hjálmsón, form. LEB

Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB